

---

## FORTÍÐ OG FRAMTÍÐ

Langar þig ekki til að skyggnast inn í framtíðina, að ég tala nú ekki um fortíðina? Tek að mér slíkan lestur fyrir þig. Upplýsingar í síma 896-9689.

Erla

## FÉLAGSFUNDIR 2014

Félagsfundir Lífssýnar verða haldnir í Bolholti 4, 4. hæð í sal Rósarinnar kl. 20:30. Eru þeir alltaf 1. þriðjudag í hverjum mánuði frá október fram í maí, að janúar undanskildum.

### Félagsfundur þriðjudaginn 4. nóvember 2014

Þá ætlar Haraldur Erlendsson yfirlæknir að tala um hina fornu egypsku guði.

### Jólafundur þriðjudaginn 2. desember 2014

Jólafundur Lífssýnar verður að venju með hefðbundnu sniði, helgileikur, jólasmáhlaðborð og jólaleikir.

**[www.lifssyn.is](http://www.lifssyn.is)**

Minum á heimasíðuna okkar. Endilega skráið ykkur á gestalistann. Minnum einnig á facebook síðuna okkar.

### HELSTU (T)ENGLAR LÍFSSÝNAR

Ari Magnússon 552-7977  
Bergþóra Andrésdóttir 566-7051  
Jón Hrafn Hlöðversson 551-8884  
Jóhanna Viggósdóttir 552-4707  
Kolbrún Guðjónsdóttir 566-6295  
Þórunn Karlsdóttir 552-5907

Ámundi Sigurðsson 562-5324  
Erla Stefánsdóttir 552-1189  
Jóhanna Steingrímsdóttir 567-2623  
Katrín Þorvaldsdóttir 551-2327  
Kristín Gunnlaugsdóttir 552-7870  
Þóra Björg Þórisdóttir 562-5324

## Hugleiðing

*Kæru Lífssýnarfélagar og vinir. Ef haustið er það sama og austrið þá finnum við rauðan kraft, rauðgulan í byrjun en dekkist er líður á. Ef okkur vantar auka orku þá skulum við anda inn þessari rauðu orku, einnig getum við fengið hjálp frá hinni fornu Gyðju Frigg, eða tengt okkur við Júpiter. Eða við tengjum okkur við gosið fyrir austan, hvað segið þið um það?*

*Þú finnur þér kyrrlátan stað, opnar fyrir ljósin í lófum og andar kraftinum að þér, opnar tvær orkustöðvar á líkama þínum og andar inn þessari skýnandi orku. Þá finnur þú breytingu. Ef þú ferð dýpra finnur þú einingu með landinu þínu.*

*Bestu kveðjur, Erlan.*

---

## FRÉTTIR FRÁ SUMRINU

Sumarið varð öðruvísi hjá mér en vanalega. Við Lífssýnar vinir erum von að fara til Þingvalla á Jónsmessu, en aldrei þessu vant voru sára fáir sem fóru. Enginn fór í Heiðmerkurferð, en þökk sé Steina að ekki er búið að fjarlægja merki Lífssýnar, en litlar hulduverur og dvergar eru glaðir hvernig sem viðrar.

Nú, svo fóru sex Lífssýnar konur norður til Kötú og Kaldbaks, en slík ferð gefur ljós og gleði. Svo fór Begga með mig í nokkrar jeppaferðir til að skoða fjallatíva og vatnagýðjur. Einn haustdag fór ég með norskum vinum til að sýna þeim hjartastöð jarðarinnar, en þoka og mistur trufluðu hin efnislegu augu, en ljósið skein máttugt og höfugt.

Á leið okkar sá ég borholuna góðu þar sem ég, Björg og Katrín sögðum til um heitt vatn í jörðu í fyrra haust, sem nú er komin í gagnið.

Síðan vil ég þakka öllum Lífssýnar vinum sem hafa heimsótt mig síðast liðna átta mánuði. Guð blessi ykkur, Erlan.

## ÍSLANDSVÆTTIR OG ORKULÍNUR

Nú er að líða að því að kort Erlunnar, Íslandsvættir og orkulínur, fari í prentun. Lífssýnarfélögum býðst að kaupa í forsölu 10 kort á 8000 kr. eða 25 kort á 15000 kr. Í von um að við náum þannig prentkostnaði. Kortið er A3 að stærð með texta og mynd af hverri orkustöð á annari hlið ásamt kynningu á Erlu og landinu og á hinni landið, sjá mynd. Afar falleg gjöf og kostar minna en ein rós.

Erla naut aðstoðar snillinganna Ólafs Péturssonar og Ámunda Sigurðssonar við gerð kortsins.

Sendu póst á netfangið [katjons1@gmail.com](mailto:katjons1@gmail.com) um hvorn pakkann þú vilt kaupa, hann eru svo greiddur við afhendingu.

Með von um góða þátttöku,  
Katrín Jóns sími 8957333

## FÉLAGSFUNDIR 2015

### Félagsfundur þriðjudaginn 3. febrúar 2015

Á fyrsta félagsfundi nýja ársins ætlar Gylfi Kristinsson sálfræðingur að tala um meistara Yogananda.

### Félagsfundur þriðjudaginn 3. mars 2015

Þá ætla þær Erla Stefánsdóttir og Jóhanna Steingrímsdóttir að tala um Jakobsveginn.

### Félagsfundur þriðjudaginn 2. apríl 2015

Þá ætlar Elsa Dóróthea Gísladóttir að fræða okkur um listina að lifa á hráfæði.

### Aðalfundur þriðjudaginn 5. maí 2015

Þá verður aðalfundur Lífssýnar haldinn þar sem kosið verður í stjórn og nefndir félagsins.

---

### FASTAN 12. Apríl – 3. Maí 2015

Hin árlega fasta Lífssýnarfélaga verður í apríl n.k. Hefst hún nánar tiltekið fyrsta sunnudag eftir páska þann 12. apríl klukkan 17:30, í Bolholti 4 og ljúkum við henni þremur vikum síðar með fjallgöngu og vígslu sunnudaginn 3. maí.

Fastan er liður í hjálparstarfi Hvítbræðra- og systra og er gefin okkur fyrir milligöngu Erlu. Tilgangurinn með föstunni er ekki að leggja kvaðir á líkamann, enda er ekki um sveltí að ræða, heldur sá að hreinsa efnisbústaðinn og tengja saman alla þætti okkar með ákveðnu mataræði, hugleiðslum og æfingum.